

# Kennsluáætlun 2025-2026

## 1.-2. bekkur

Námsgrein: Íslenska

Kennari: Lára og Vigdís



### Markmið:

Að nemendur

- öðlist góða lestrarfærni.
- geti beitt aðferðum við umskráningu hljóða og stafa svo lestur flæði vel.
- læri alla íslensku stafina, bæði há- og lágstafi.
- þekki hljóð allra íslensku stafanna.
- læri stafrófið og þekki sérhljóð og samhljóð.
- geti farið í orðaleiki og leikið sér með tungumálið.
- þekki grunnhugtökin bókstafur, orð, málsgrein.
- þekki bæði les- og skriftarátt.
- öðlist góða skriftarfærni og skrifi skýrt og læsilega.
- dragi rétt til allra stafa.
- geti sett saman stutta frásögn um efni að eigin vali
- geti myndað setningar og skrifað þær niður.
- þekki nafnorð, geti fundið þau í texta og þekki helstu einkenni þeirra.
- unnið með ævintýri, sögur og ljóð ætluð börnum.
- þekki bókmenntahugtökin höfundur, upphaf, miðja, endir og sögupersónur.
- geti valið og lesið sér til ánægju fjölbreytt lesefni sem hæfir aldri.
- geti horft/hlustað af athygli og greint frá upplifun sinni.

### Kennsluáðferðir/vinnulag:

- Byrjað á innlögnum í upphafi tímans, um 5-10 mínútur í senn.
- Unnið í stuttum vinnulotum, kringum 20 mínútur í senn.
- Uppbrot í miðju tímans sem reynir á ýmist félagsfærni, samhæfingu, tjáningu, viðfangsefni tímans hverju sinni o.fl.
- Námsfélagar fá spurningar tengt efninu sem hvetja til samræðna.
- Lestur fyrir kennara tekið fyrir í flestum íslenskutímum þar sem nemendur fá tækifæri til að þjálfast upplestur og fá leiðsögn frá kennara/stuðningsfulltrúa.
- Nemendur vinna ýmist einstaklingslega eða í hópvinnum með skólafélögum.
- Verkefnum safnað í stílabók og metin af bæði nemendum og kennurum.

### Námsmat:

- Leiðsagnarmat leiðarljós við allt námsmat.
- Símat á sér stað í öllum kennslustundum þar sem nemendur fá endurgjöf í gegnum spurningar og samtal við kennara.
- Nemendur þreyta stutt stöðumat á 5-6 vikna fresti til að rifja upp það sem búið er að gera og festa ýmis hugtök og aðgerðir betur í minni nemandans.
- Við lok hvernar námsbókar tekur nemandi yfirlitspróf sem gefur til kynna hvert skal stefna næst.

### Námsgögn:

- Lestrarlandið, vinnubók 1 og 2.
- Ritún 1.
- Lestarbækur MMS.
- Skriftarbækur.
- Verkefni frá kennurum og af vef.
- Námsleikir í anda Byrjendalæsis og Leikur að læra.
- Námsleikir á vef.

# Kennsluáætlun 2025-2026

## 3.-4. bekkur

Námsgrein: Íslenska

Kennari: Lára og Vigdís



### Markmið:

Að nemendur

- öðlist góða lestrarfærni.
- geti valið og lesið sér til ánægju fjölbreytt lesefni sem hæfir aldri.
- vaxi í lesskilningi og tileinki sér góðan orðaforða.
- þekki bæði les- og skriftarátt.
- læri stafrófið og þekki sérhljóð og samhljóð.
- geti farið í orðaleiki og leikið sér með tungumálið.
- þekki grunnhugtökin bókstafur, orð, málsgrein.
- öðlist góða skriftarfærni og skrifi skýrt og læsilega.
- dragi rétt til allra stafa.
- geti sett saman stutta frásögn um efni að eigin vali
- geti myndað setningar og skrifað þær niður.
- þekki nafnorð, geti fundið þau í texta og þekki helstu einkenni þeirra.
- þekki lýsingarorð, geti fundið þau í texta, stigbreytt og fallbeygt með nafnorðum.
- þekki sagnorð, geti fundið þau í texta og geti breytt tíðum sagnorða.
- unnið með ævintýri, sögur og ljóð ætluð börnum.
- þekki bókmenntahugtökin höfundur, upphaf, miðja, endir og sögupersónur ásamt boðskapi, aðalpersónum, aukapersónum, söguþræði, sögusviði (umhverfi) og flækju.
- geti horft/hlustað af athygli og greint frá upplifun sinni.
- þekki helstu greinarmerki og geti notað þau.
- þekki helstu stafsetningarreglurnar eins og n og nn, regluna um ng og nk, regluna um tvöfaldan samhljóða, regluna um stóran staf og punkt o.fl.

### Kennsluaðferðir/vinnulag:

- Byrjað á innlögn í upphafi tímans, um 5-10 mínútur í senn.
- Unnið í stuttum vinnulotum, kringum 20 mínútur í senn.
- Uppbrot í miðju tímans sem reynir á ýmist félagsfærni, samhæfingu, tjáningu, viðfangsefni tímans hverju sinni o.fl.
- Námsfélagar fá spurningar tengt efninu sem hvetja til samræðna.
- Lestur fyrir kennara tekið fyrir í flestum íslenskutímum þar sem nemendur fá tækifæri til að þjálfra upplestur og fá leiðsögn frá kennara/stuðningsfulltrúa.
- Nemendur vinna ýmist einstaklingslega eða í hópvinnu með skólafélögum.
- Verkefnum safnað í stílabók og metin af bæði nemendum og kennurum

### Námsmat:

- Leiðsagnarmat leiðarljós við allt námsmat.
- Símat á sér stað í öllum kennslustundum þar sem nemendur fá endurgjöf í gegnum spurningar og samtal við kennara.
- Nemendur þreyta stutt stöðumat á 5-6 vikna fresti til að rifja upp það sem búið er að gera og festa ýmis hugtök og aðgerðir betur í minni nemandans.
- Við lok hvernar námsbókar tekur nemandi yfirlitspróf sem gefur til kynna hvert skal stefna.

### Námsgögn:

- Ritrún 2 og 3
- Lestarbækur MMS auk lestrarbóka af bókasöfnum sveitarfélagsins.
- Skriftarbækur.

- Verkefni frá kennurum og af vef.
- Námsleikir í anda Byrjendalæsis og Leikur að læra.
- Námsleikir á vef.

## Kennsluáætlun 2025-2026

### 1. - 2. bekkur

Námsgrein: Stærðfræði

Kennari: Jenny, Lára og Vigdís



ÖXARFJARÐARSKÓLI

#### Markmið:

Að nemendur

- geti nýtt sér verkfæri og hlutbundin gögn sem þarf til að finna lausn á stærðfræðilegum viðfangsefnum.
- geti tekið þátt í samræðum um stærðfræði, hugtök hennar og lausnaleyðir.
- þekki helstu stærðfræðitákni og geti notað þau á réttan hátt í daglegu lífi.
- geti æft sig á stærðfræðilegum viðfangsefnum í gegnum leik og spil.
- geti raðað náttúrulegum tölum frá 0-1000 í rétt stærðarröð.
- þekki 10 vinina og nýti sér þá við útreikninga.
- öðlist góða færni við samlagningu og frádrátt talna upp í 1000.
- þekki verðgildi peninga.
- geti tjáð sg um reglur í einföldum mynstrum, bæði talna og mynda.
- öðlist færni í að mæla með stöðluðum og óstöðluðum mælieiningum.
- átti sig á hinum ýmsu lengdum og tengi þær við líkamsparta og skreflengdir.
- þekki algengustu formin.
- geti lesið heilu og hálfu tímana á klukku.

#### Kennsluaðferðir/vinnulag:

- Byrjað á innlögnum í upphafi tímans, um 5-10 mínútur í senn.
- Unnið í stuttum vinnulotum, kringum 20 mínútur í senn.
- Uppbrot í miðju tímans sem reynir á ýmist félagsfærni, samhæfingu, tjáningu, viðfangsefni tímans hverju sinni o.fl.
- Námsfélagar fá spurningar tengt efninu sem hvetja til samræðna.
- Nemendur vinna ýmist einstaklingslega eða í hópvinnu með skólafélögum.
- Verkefnum safnað í stílabók og metin af bæði nemendum og kennurum.

#### Námsmat:

- Leiðsagnarmat leiðarljós við allt námsmat.
- Símat á sér stað í öllum kennslustundum þar sem nemendur fá endurgjöf í gegnum spurningar og samtal við kennara.
- Nemendur þreyta stutt stöðumat á 5-6 vikna fresti til að rifja upp það sem búið er að gera og festa ýmis hugtök og aðgerðir betur í minni nemandans.
- Við lok hverrar námsbókar tekur nemandi yfirlitspróf sem gefur til kynna hvert skal stefna.

#### Námsgögn:

- Sproti 1a/1b og Sproti 2a/2b og Sproti 3a.
- Námssefnið Evolytes (námsbók og tölvuleikur).
- Verkefni frá kennurum og af vef.
- Námsleikir í anda Leikur að læra.
- Námsleikir á vef.

# Kennsluáætlun 2025-2026

## 3. - 4. bekkur

Námsgrein: Stærðfræði

Kennari: Jenny, Lára og Vigdís



### Markmið:

Að nemendur

- geti nýtt sér verkfæri og hlutbundin gögn sem þarf til að finna lausn á stærðfræðilegum viðfangsefnum.
- geti tekið þátt í samræðum um stærðfræði, hugtök hennar og lausnaleyðir.
- þekki helstu stærðfræðitákni og geti notað þau á réttan hátt í daglegu lífi.
- geti æft sig á stærðfræðilegum viðfangsefnum í gegnum leik og spil.
- geti raðað náttúrulegum tölum frá 0-100.000 í rétt stærðarröð.
- þekki 10 vinina og nýti sér þá við útreikninga.
- öðlist góða færni við samlagningu og frádrátt talna upp í 100.000.
- þekki verðgildi peninga.
- geti tjáð sg um reglur í einföldum mynstrum, bæði talna og mynda.
- öðlist færni í að mæla með stöðluðum og óstöðluðum mælieiningum.
- átti sig á hinum ýmsu lengdum og tengi þær við líkamsparta og skreflengdir.
- þekki algengustu formin, bæði tvívíðu og þrívíðu.
- kunni á klukku, bæði skífuklukku og stafræna klukku.
- geti sett upp eigin könnun, rannsakað, skráð, lesið og túlkað og sett upp einföld myndrit.
- geti teiknað og staðsett punkta í hnitakerfi.
- geti speglað, hliðrað og snúið flatarmyndum.
- geti fundið flatarmál og ummál.

### Kennsluaðferðir/vinnulag:

- Byrjað á innlögn í upphafi tímans, um 5-10 mínútur í senn.
- Unnið í stuttum vinnulotum, kringum 20 mínútur í senn.
- Uppbrot í miðju tímans sem reynir á ýmist félagsfærni, samhæfingu, tjáningu, viðfangsefni tímans hverju sinni o.fl.
- Námsfélagar fá spurningar tengt efninu sem hvetja til samræðna.
- Nemendur vinna ýmist einstaklingslega eða í hópvinnu með skólafélögum.
- Verkefnum safnað í stílabók og metin af bæði nemendum og kennurum.

### Námsmat:

- Leiðsagnarmat leiðarljós við allt námsmat.
- Símat á sér stað í öllum kennslustundum þar sem nemendur fá endurgjöf í gegnum spurningar og samtal við kennara.
- Nemendur þreyta stutt stöðumat á 5-6 vikna fresti til að rifja upp það sem búið er að gera og festa ýmis hugtök og aðgerðir betur í minni nemandans.
- Við lok hvernar námsbókar tekur nemandi yfirlitspróf sem gefur til kynna hvert skal stefna.

### Námsgögn:

- Sproti 3a/3b, Sproti 4a/4b, Stika 1a.
- Námsfnið Evolytes (námsbók og tölvuleikur).
- Verkefni frá kennurum og af vef.
- Námsleikir í anda Leikur að læra.
- Námsleikir á vef.

# Kennsluáætlun 2025-2026

## 1. - 4. bekkur

Námsgrein: Þema – Plöntur og tré

Kennari: Jenny, Lára og Vigdís



### Markmið:

Að nemendur

- geti rætt um helstu einkenni lifvera og lífsskilyrði þeirra.
- geti lýst ytri byggingu á helstu hlutum plantna.
- geti fjallað um hvaða hlutverki lofthjúpurinn gegnir fyrir líf á jörðinni.
- taki þátt í umræðu um hvernig maðurinn nýtir náttúruna.
- geti nefnt dæmi um hvernig athafnir okkar hafa afleiðingar til framtíðar.
- geti nefnt dæmi um hvernig maðurinn nýtir náttúruna til að lifa af.

### Kennsluaðferðir/vinnulag:

- Byrjað á innlögn í upphafi tímans, um 5-10 mínútur í senn.
- Unnið í stuttum vinnulotum, kringum 20 mínútur í senn.
- Uppbrot í miðju tímans sem reynir á ýmist félagsfærni, samhæfingu, tjáningu, viðfangsefni tímans hverju sinni o.fl.
- Námsfélagar fá spurningar tengt efninu sem hvetja til samræðna.
- Nemendur vinna ýmist einstaklingslega eða í hópvinnu með skólafélögum.
- Verkefnum safnað í stílabók og metin af bæði nemendum og kennurum.

### Námsmat:

- Leiðsagnarmat leiðarljós við allt námsmat.
- Símat á sér stað í öllum kennslustundum þar sem nemendur fá endurgjöf í gegnum spurningar og samtal við kennara.
- Við lok hvernar námsbókar tekur nemandi yfirlitspróf sem gefur til kynna hvert skal stefna.

### Námsgögn:

- Sproti 3a/3b, Sproti 4a/4b, Stika 1a.
- Námsefnið Evolytes (námsbók og tölvuleikur).
- Verkefni frá kennurum og af vef.
- Námsleikir í anda Leikur að læra.
- Náttúran í umhverfi skólans.